

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100122/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022 í landi Jarlsstaða.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022 í landi Jarlsstaða.

Jarlsstaðir eru rúmlega 900 ha að stærð, og er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Skv. breytingartillögu verða 50 ha úr landi Jarlsstaða skilgreindir sem svæði fyrir frístundabyggð. Einnig er gert ráð fyrir að 5 ha svæði verði breytt í iðnaðarsvæði s.s. svæði fyrir steypustöð, og svæði fyrir efnistöku, þar sem gert er ráð fyrir efnistöku allt að 45.000 m³. Í breytingartillöggunni er jafnframt gert ráð fyrir svæði til sérstakra nota samtals 40 ha, þar sem er áætlaður golfvöllur.

Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn um lýsingu ofangreindrar breytingartillögu. Umhverfisstofnun tekur undir að við deiliskipulagsgerð fyrir svæðið á að taka tillit til hraunmyndana og hraunkanta og forðast að raska þeim.

Umhverfisstofnun ítrekar eftirfarandi atriði er komu fram í umsögn um lýsingu ofangreinds svæðis.

Frístundabyggð

Þar sem hluti frístundabyggðar er áætlaður á árbakka bendir Umhverfisstofnun á að skv. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m þegar skipulagt er utan þéttbylis.

Iðnaðarsvæði

Á jörðinni Jarlsstöðum áætla landeigendur einnig að starfrækja iðnaðarsvæði alls 5 ha þar sem heimilt verður að hafa steypustöð. Staðsetning iðnaðarsvæðis er við hlið ofangreinds námasvæðis og liggja svæðin milli áætlaðs golfvallar og frístundasvæðis. Að mati Umhverfisstofnunar eru iðnaðarsvæði og efnistökusvæði áætluð nokkuð nærrí frístunda- og útvistarsvæðum og þarf að gæta vel að því að ekki verði neikvæð sjónræn umhverfisáhrif af efnistöku- og iðnaðarsvæði sem myndi rýra útvistargildi svæðisins. Einnig bendir

Umhverfisstofnun á mögulega hávaðamengun frá efnistöku- og iðnaðarsvæði og minnir á að
skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, eru mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi í
frístundabyggð 35L_{Aeq}

Virðingarfullst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur